

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um Ríkisútvarpið og útvarpsgjald.

Frá Óla Birni Kárasyni.

- Hvernig hefur fjöldi greiðenda útvarpsgjalds þróast á árunum 2014–2024? Óskað er eftir upplýsingum miðað við 1. janúar ár hvert.
- Hvernig hefur fjöldi lögaðila sem greiða útvarpsgjald þróast á árunum 2014–2024? Óskað er eftir upplýsingum miðað við 1. janúar ár hvert.
- Hver hefur fjárhæð útvarpsgjalds verið á hverju ári 2014–2024? Óskað er eftir upplýsingum á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.
- Hefur Ríkisútvarpið fengið önnur framlög frá ríkissjóði en af útvarpsgjaldi? Óskað er eftir upplýsingum á verðlagi hvers árs 2014–2024 og á föstu verðlagi. Jafnframt er óskað eftir rökstuðningi að baki framlögum.

Skriflegt svar óskast.